



Kirkjan

Pálmasunnudagur:

Páskasunnudagaskóli í Svalbarðskirkju kl. 11.00. Páskaeggjaleit!

Föstudagurinn langi:

Föstuganga kl. 11.00 frá Svalbarðskirkju í Laufás. Björgunarsveitir á vaktinni. Súpa í Laufási við komu gegn vægu gjaldi. Tónleikar í Laufáskirkju kl. 14.30. Snorri Guðvarðsson og Krossbandið spila og syngja. Aðgangur ókeypis.

Páskadagur:

Páskaguðsþjónusta í Svalbarðskirkju kl. 11.00

Gleðilega páskahátíð!

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr., 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Næstu rusladagar

- 17. mars - Endurvinnsla
- 23. mars - Almenn t sorp
- 7. apríl - Almenn t sorp
- 14. apríl - Endurvinnsla

Frá Álfaborg og Valsárskóla

Í Álfaborg/Valsárskóla hefur ekki verið setið auðum höndum undanfarna mánuði. Skólinn hefur verið í sameiginlegu þemaverkefni þar sem allir nemendur frá 1 árs til 16 ára hafa lært um gamla tíma. Við höfum sungið gömul þjóðlög, farið á minjasafnið, lært gamla leiki og lært um sögu fólks á fyrri tímum. Við höfum haft vatnslausan dag og einn rafmagnslausan dag til að færa veruleika fyrri tíma nær nemendum og einn daginn komu starfsmenn með gamla hluti að heiman til að sýna krökkunum.

Elstu börnin okkar hafa verið að læra forritun og nokkur þeirra ætla að keppa fyrir skólann í forritunarkeppni grunnskólanna í apríl. Embla Björk Jónsdóttir var valin sem einn af fulltrúum norðurlands í söngvakeppni félagsmiðstöðva og við fylltumst öll stolti og gleði þegar við horfðum á glæsilega frammistöðu hennar í sjónvarpinu. Svanhildur M Valdimarsdóttir og Hanna María Brynjólfsdóttir kepptu fyrir skólann í Stóru - Upplestrarkeppninni og krækti Svanhildur sér í annað sætið.

En skólinn er ekki bara velgengni í ýmsum keppnum. Krakkarnir í Álfaborg/Valsárskóla hafa staðið sig mjög vel í náminu í vetur. Sérstaklega finnst mér ánægjulegt að finna að okkur starfsfólkinu er að takast að þroska með nemendum okkar meiri metnað í námi og í grunnskólanum finnum við sérstaklega fyrir auknum vilja nemenda til að standa sig vel og leggja sig allan fram.

Við höldum þó áfram að bæta okkar góða skóla, því auðvitað getur gott lengi batnað.

Að lokum hvetjum við alla sem áhuga hafa á skólastarfi að fylgjast með okkur á facebook síðunni okkar Álfaborg/Valsárskóli.

Með bestu kveðju úr Álfaborg/Valsárskóla

Inga Sigrún Atladóttir

Skólastjóri Álfaborgar/Valsárskóla

Litið um öxl

Þessi umfjöllun um Barnaskólann á Svalbarðseyri birtist í Degi í september 1988.

Barnaskólinn á Svalbarðseyri:

Krakkarnir gera sjálfir námsáætlanir

Í fámennum skólum verður oft að kenna saman nokkrum árgöngum. Þetta kann kannski að hljóma nýstrárlega fyrir sumum en svona er þetta nú samt. Í barnaskólanum á Svalbarðseyri er 4., 5. og 6. bekk kennt saman. Skólastjóri þar er Gunnar Gíslason og sagði hann þetta fyrirkomulag ekki reynast illa. “Þetta þýðir samt meiri vinnu fyrir kennarann en þar sem fáir eru í hverjum árgangi er ekki annað hægt,” sagði hann.

Í skólanum verða um 40 nemendur í 0.-6. bekk næsta vetur. Þegar komið er að 7. bekk þurfa krakkarnir síðan að fara í Hrafnagilsskóla og þá í heimavist.

Tveir þeirra fjögurra kennara sem koma til með að kenna við skólann í vetur eru réttindalausir. “Þetta er sama starfslið og sl. vetur. Það var auglýst eftir réttindafólki en enginn sótti um.”

Segja má að skólinn sé ekki hefðbundinn því reynt er að hafa töluvert mikið af sjálfstæðum verkefnum fyrir nemendurna. “Skólinn er hálfopin,” sagði Gunnar. “Krakkarnir þurfa að áætla sig sjálf fyrir eina viku í senn og þurfa síðan að standast þá áætlun. Þau eru auðvitað löt stundum eins og aðrir og þá áætla þau bara minna á sig en taka síðan meira seinna. Þetta getur verið gott ef þau eru t.d. að æfa fyrir íþróttamót eða eitthvað slíkt, þá missa þau ekki úr heldur hafa tækifæri á að vinna sig upp.”

Hann sagði ekki erfiðara að kenna í fámennum skóla en öðrum. Hann myndi t.d. miklu meira fyrir samheldni. “Hérna er enginn skilinn útundan af því að hann er bara 7 ára,” sagði Gunnar.

Greinilegt er að skólastjóri og kennarar skólans vilja gera hann vistlegan og liflegan því fiskabúr er í einni stofunni og fuglabúr í annarri. Samfelldur skóladagur er einnig og tvisvar í viku er hætt um hádegi og þá tekið til við ýmiss konar félagsstarf. Gunnar sagði skákáhuga vera mikinn í skólanum

og þá einstaklinga sem tækju þátt í þeirri íþrótt vera nokkuð sterka á norðlenskan mælikvarða.

Verið er að byggja íþróttahús við skólann og í því húsi verða tvær kennslustofur. “Það skortir fjármagn í bygginguna og þess vegna þrifa krakkarnir skólann sjálf. Með því spara þau það fé sem annars yrði borgað fyrir þrífnað og leggja það að hluta til í íþróttahúsið og að hluta í ferðasjóð. Einnig hafa þau keypt uppstoppaða fugla til að nota við náttúrufræðikennslu og ýmislegt fleira,” sagði Gunnar.

Íþróttahús vantar tillínanlega því öll íþróttakennsla við skólann hefur farið fram á Akureyri. Í fyrravetur sá kennari þaðan um kennsluna en ekki er vitað hvernig málið verður leyst í vetur.

Húsnæði barnaskólans er einnig notað sem félagsheimili og sagði Gunnar að einu sinni til tvisvar á ári væri allt hreinsað út og haldið þorablót eða aðrar samkomur. Á sumrin er síðan starfræktur leikskóli í húsnæðinu og því er ekki annað hægt að segja en skólinn sé með lífligri húsum.

Dagur, 173. tbl. (14.09.1988), bls. 4

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2684638

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 19. apríl.